

um ábyrgðarfélags þilskipa við Faxaflóa, Tryggva Gunnarssyni, Magnúsi Magnússyni og Jóni Jónssyni 50 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Mánudaginn hinn 6. júlímánaðar.

Nr. 48/1906:

P. Flannery af hendi sjálfs sín og  
fyrir hönd Victor Steam Fishing  
Company L'dt Grimsby

gegn

Felix Guého f. h. sjálfs sín og  
J. Pomellec.

Dómur:

Hinn 14. marz 1906 rakst gufuskipið »St. Lawrence«, botnvörpungur frá Grimsby, sem áfrýjandinn var skipstjóri á og gert var út af ofan nefndu félagi í Grimsby, á seglskipið »Louise«, fiskiskip frá Benic, sem stefndi Felix Guého var skipstjóri á, en gjört var út af J. Pomellec í Benic, en skipin voru þá stödd á Reykjavíkurhöfn. Urðu skemdir nokkrar á báðum skipunum af árekstrinum og hefir skaðinn á »Louise« verið metinn af dómkvöddum mönnum 975 kr., en skaðinn á »St. Lawrence« 810 kr. 89 a. Höfðaði stefndi mál gegn áfrýjanda fyrir gestarétti Reykjavíkur til þess að fá hann og útgerðarmenn »St. Lawrence« dæmda til að

greiða sér og útgerðarmanni »Louise« greindar skaðabætur 975 kr. og bætur fyrir atvinnumissi við tafir skipsins af skemdunum, 720 kr., báðar upphæðirnar með vöxtum frá stefnudegi; en áfrýjandi höfðaði þá fyrir sama rétti gagnsök gegn stefnda og útgerðarmanni hans og krafðist skaðabóta af þeim fyrir skemdirnar á »St. Lawrence« 810 kr 89 a. og bóta fyrir atvinnumissi 5400 kr. Mál þetta var síðan dæmt í nefndum rétti 5. sept. 1906 með þeim úrslitum, að áfrýjandinn var sjálfur, og fyrir hönd Victor Steam Fishing Company Ltd í Grimsby dæmdur til að greiða stefnda sjálfum og fyrir hönd J. Pomellec 975 kr. og ennfremur skaðabætur eftir dómkvaddra manna mati, þó ekki yfir 720 kr., báðar þessar upphæðir með 5<sup>6</sup>/<sub>10</sub> vöxtum frá stefnudegi til borgunardags, og loks málskosnað 40 kr.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 17. nóvbr. 1906 og krafist þess fyrir yfirdóminum, að gestaréttardóminum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði algerlega sýknaður í málinu, en að stefndi Felix Guého verði sjálfur og fyrir hönd J. Pomellec dæmdur til að greiða áfrýjanda sjálfum og fyrir hönd útgerðarfélagsins, auk hæfilegs málskostnaðar fyrir báðum réttum, 810 kr. 89 a. í skaðabætur fyrir skemdir á skipinu »St. Lawrence« og 5400 kr. fyrir atvinnutjón. Hinn stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði staðfestur og að sér verði tildæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Hinn 13. marz 1906 síðdegis kom »Louise« inn á Reykjavíkurhöfn og lagðist þar við stjórnborðsakkeri 40—50 föðmum fram undan »St. Lawrence« bakborðs



megin, en skip þetta var lagst þar fyrir nokkrum dögum og hafði úti tvö akkeri, sitt á hvort borð. Daginn eftir, 14. marz, var komið stórviðri af suðaustri og var þá um kl. 10 árdegis hleypti niður bakborðsakkeri á »Louise,« en jafnframt gefið út á stjórnborðsfestinni, til að koma síðara akkerinu fyrir, en við það barst »Louise« nær »St. Lawrence,« svo að að eins urðu 7—8 faðmar milli skipanna. Þannig lágu skipin í hvassviðrinu til kl. 4 síðdegis. Þá þótti skipstjóra á »St. Lawrence« ekki hættulaust að halda kyrru fyrir lengur; hann hafði látið kynda vélina, dró inn stjórnborðsakkerið og lét skipið snúast fyrir bakborðsakkerinu, svo að það komst bakborðsmegin við »Louise,« silgdi svo skipinu áfram og fram með bakborðshliðinni á »Louise,« en þegar hann var kominn fram undan kinnungnum á henni, þá bauð hann að slaka á bakborðsfestinni, um leið og hann lét skipið fara aftur á bak, en skipun hans að slaka á festinni var ekki gengt og varð þá hreyfing skipsins aftur á bak til þess, að það rakst á »Louise« bakborðsmegin og urðu við það skemdir þær á skipunum, er mál þetta er sprottið af. Það er af þessum atvikum að áreksturinn bjóst, að bein orsök hans voru hreyfingar skipsins »St. Lawrence« og stjórn á því.

Áfrýjandinn hefir viljað halda því fram, að samrekstur skipanna eigi að teljast hafa orðið af óviðráðanlegu slysi, orsökuðu af því, að stjórn varð ekki viðkomið á »St. Lawrence« fyrir ofviðrinu, eða jafnvel að stefndi, skipstjóri á »Louise« eigi beint sök á samrekstrinum, þar sem hann hafi lagt skipi sínu óforsvaranlega nærri »St. Lawrence,« svo að skip þetta hafi neyðst til að taka sig upp þaðan sem það lá, en vegna þess að akkeris-

festar skipanna hafi flækst saman, er »Louise« gaf út af stjórnborðsfesti sinni til að koma fyrir síðara akkeri sínu, hafi orðið að sigla »St. Lawrence« eins og gert var, til að reyna að ná upp bakborðsakkeri þess, en við þá tilraun hafi öfviðrið tekið ráðin af stjórn skipsins.

Af skýrslum málsins verður það þó eigi ráðið, að skipstjóri á »Louise« hafi gjört sig sekan í neinni þeirri yfirsjón eða óvarkárni, er samrekstur skipanna geti talist bein eða óbein afleiðing af. Þó að »Louise« hafi verið komin töluvert nærri »St. Lawrence« fyrir það, að hleypt var út síðara akkeri hennar morguninn sem áreksturinn varð, þá er ekki sjáanlegt að »St. Lawrence« hafi staðið sú hætta af þeirri nálægð, að það skip þyrfti að hreyfa sig úr stað, því að »Louise« lá föst fyrir akkerum sínum og hafði ekkert rekið í veðrinu fulla 6 tíma þá er »St. Lawrence« tók sig upp, og þó hana hefði farið að reka, þá hefði hana eftir veðurstöðunni og afstöðu skipanna, eins og hún er sýnd á uppdrætti áfrýjanda sjálfs, borið fram hjá »St. Lawrence« og hún ekki rekist á það skip; það er og heldur ekki sannað, að nein flækja hafi verið á akkerisfestum skipanna, sem hefði verið til fyrirstöðu því að »St. Lawrence« hefði getað dregið inn bakborðsakkeri sitt, þar sem það skip lá, ef það á annað borð áleizt haganlegt sjálfs þess vegna, að færa það til á höfninni.

Það verður því að álita, að stefnda verði engin sök gefin á hreyfingum »St. Lawrence« við umrætt tækifæri, en það er játað af áfrýjanda og skipsmönnum á »St. Lawrence«, að næsta orsökina til árekstursins var sú, að skipun áfrýjanda um að gefa út akkerisfestina, var ekki hlýtt, er hann lét skip sitt fara aftur á bak,



er hann var kominn bakborðsmegin við »Louise«, og verður hann að bera ábyrgð á því ólagi, er varð á stjórn skipsins. — Það ber því að fallast á það, að gestaréttardómurinn hefir dæmt áfryjanda til að greiða stefnda bætur fyrir skemdir þær, er orsökudust á »Louise« af árekstrinum, eins og þær hafa verið metnar af dómkvöddum mönnum, eða 975 kr., og sömuleiðis bætur fyrir atvinnutjón þá 2 daga, er »Louse« tafðist frá veiðum vegna skemdanna, eftir mati óvilhallra dómkvaddara manna, þó eigi hærrí en 720 kr., hvoratveggju upphæðina ásamt 5% vöxtum þ. e. frá stefnudegi til borgunardags. Með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðarákvæði gestaréttardómsins ber að staðfesta dóm þennan í öllum greinum.

Í málskostnað fyrir yfirdómi þykir rétt að áfryjandi greiði stefnda 40 krónur.

#### Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandinn greiði stefnda í málskosnað fyrir yfirdómi 40 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.